

1873.

8. júlí.

borga víxlbréf eða ávísanir, sem yrði borgaðar jafnskjótt og þær væri sýndar fram, og sem sá kaupmaður, er kynni að vilja greiða gjaldið á þennan hátt, eða verzlunarstjóri hans á Íslandi gæfi út uppi gjaldið; að dómsmálastjórnin síðan tilkynnti hlutaðeigandi lögreglustjórum á Íslandi, að þeir mætti taka við ávísunum þessum sem borgun fyrir þann hluta gjaldsins, sem félli til landssjóðsins, en þeir 2 af hundraði, er þeim sjálfum bæri, skyldi greiðast í peningum; og að þeir kaupmenn, sem hefði verzlunarstaði á ýmsum stöðum á Íslandi, skyldi segja dómsmálastjórninni til, hve mikið yrði borgað á hverjum stað af því, sem skuldbindingarbréf bänkans hljóðaði uppá.

Þótt nú þetta fyrirkomulag yrði samfara allmikilli fyrirhöfn fyrir stjórnina, og mundi, eins og sagt er, hafa í för með sér kostnað til flutnings- og ábyrgðargjalds, þegar það kæmi fyrir, að senda þyrfti peninga til jarðabókarsjóðsins, er stjórnarráðið samt eigi ótilleiðanlegt til að leitast við, að koma þessu fyrirkomulagi á, eptir að vör höfum fengið álit yðar um það, og sérílagi að því leyti, hvort þér eruð fúsir til að greiða hæfilegt gjald að tiltölu uppi kostnað þann, sem getið er um að leiða mundi af flutningsgjaldi, stimpilgjaldi, o. s. frv.

25. júlí.

61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um gjald af útlendum fiskiskipum.

Í bréfi, dagsettu 8. f. m., hafið þér, herra landshöfðingi, útaf fyrirspurn frá foringjanum fyrir hinum frakknesku herskipum, er hafa stöðvar við Ísland, hvort gjald það, sem ákveðið er í tilsk. um fiskiveiðar útlendra við Ísland, 12. febrúar 1872., 3. grein, skuli greiðt einu sinni eða optar á sama fiskitíma, skýrt frá, að þér hafið svarað honum á þá leið, að samkvæmt tilskipuninni verði að greiða gjald það, sem fyrirskipað er af útlendum fiskiskipum, sem leita hafnar í neyð sinni, í hvert skipti, sem á að sýna hlutaðeigandi yfirvaldi skjöl skipsins, en að tilskipunin

1873.

25. júlí.

eigi með berum orðum hafi skorið úr þeirri spurningu, hvort greiða skuli gjaldið einusinni eða í hvert skipti, ef skip fleirum sinnum leitar hafnar í neyð sinni á sömu fiskiferðinni á hinum sama stað eða í sama lögsagnarumdæmi, en að þér efist ekki um, að gjaldið að eins verði heimtað einusinni. Með því þér samt sem áður hafið gefið loford um, að leita úrskurðar stjórnarinnar um þetta atriði, og það er æskilegt, að hinum sömu reglum sé fylgt hvervetna í þessu tilliti, hafið þér farið þess á leit, að sagt verði fyrir um heimtingu tæðs gjalds, jafnframt og þér getið þess, að yður virðist það venjulega nægja, að hlutaðeiganda lögreglustjóri skoði skjöl skipsins, og riti vottorð sitt á þau, þegar það í fyrsta skipti leiti hafnar í neyð sinni.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að það er hvorttveggja, að orðin í tilskipuninni 12. febrúar 1872, 3. gr., eflaust heimila hlutaðeiganda lögreglustjóra, að heimta tæð gjald í hvert skipti, sem hann skoðar skjöl þeirra skipa, sem þar er getið um, og ritar á þau, enda verður eigi álitíð, að eptirlit að eins sé nauðsynlegt í fyrsta skipti, er skip siglir uppá einhverja höfn, og að megi sleppa því, ef skipið aptur leitar hafnar í neyð sinni á sama stað í sömu ferðinni. Í þessu tilliti skal þess getið, að tilgangurinn með fyrnefndu eptirliti eigi að eins er sá, að lögreglustjórnir geti komið við umsjón með því, að verzlunar- og skattgjaldalögunum sé fylgt, heldur er eptirlit þetta einnig nauðsynlegt af öðrum ástæðum, sérilagi til þess, að það verði sannað, að skipið hafi leitað hafnar í neyð sinni, — þar sem það að öðrum kosti að öllum jafnaði eigi hefir rétt til þess, að koma við land — og til þess að rannsaka heilbrigðisástandið á skipinu. Af þessu leiðir því, að lögreglustjórnir ekki að eins hafa heimild til, heldur eru jafnvel skyldugir til, að hafa tæð eptirlit í hvert skipti, er skipið leitar hafnar, án tillits til, hvort það hafi áður verið á sömu höfn, eður ekki, og verður eigi, eins og þér, herra landshöfðingi álitíð, borið fyrir hinu gagnstæða það, sem sagt er fyrir í lögunum 15. apríl 1854, 8. grein, með því þessi ákvörð-

1873.

25. júlí.

un er byggð á því, að skipið að eins færi hafna ámilli, og yfirgefi því ekki landið, heldur haldi áfram sömu ferðinni, en útlend fiskiskip koma aptur á móti í hvert skipti að utan, og kunna jafnvel á meðan þau voru í burtu að hafa komið við í útlöndum, eða haft mök við önnur skip, þar sem menn hafa verið veikir o. s. frv.

Samkvæmt því, sem sagt er, verður stjórnarráðið að álíta, að greiða skuli gjald það, sem fyrirskipað er í 3. gr. tilskipunarinnar í hvert skipti, sem umsjón sú, sem getið er um í greininni, fer fram, an tillits til þess, hvort skip það, sem á hlut að máli, í sömu ferðinni sigli einu sinni eða optar uppá sömu höfnina eða aðra höfn í hinu sama lögsagnarumdæmi.

1. ágúst.

62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um kennslu í yfirsetufræði.

Með því það optar hefir komið fyrir, að íslenzkir læknisfræðingar, sem koma hingað til Kaupmannahafnar, til þess að njóta kennslu á hinn konunglegu fæðingarstofnun, eins og fyrirskipað er, eigi þegar í stað hafa getað komizt að á stofnuninni, höfum vèr spurt kirkju- og kennslustjórnina að, á hverjum tíma tæðum læknisfræðingum henti bezt að fara hingað, og hefir tæð stjórnarráð skýrt frá, að yfirkennarinn í yfirsetufræðinni við fyrnefnda stofnun hafi lagt til, að 1. dagur septbrm. hvers árs væri sá tími, er helzt yrði búizt við, að íslenzkir læknisfræðingar gæti komizt að til kennslu á fæðingarstofnuninni.

Þetta leiðum vèr eigi hjá oss, að tilkynna yður, herra landshöfðingi, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það.